

Svar

menningar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um þættina Skuggastríð.

1. *Hver er ástæða þess að Ríkisútvarpið tók ekki þátt í samstarfi annarra norrænna ríkis- miðla um gerð þáttanna Skuggastríð?*

Með hliðsjón af kostnaði og engri tengingu við Ísland, á þeim tímapunkti er verkefnið var til kynningar, sbr. svar við 2. spurningu, var það metið svo að RÚV gæti ekki lagt verkefninu lið á því stigi sem það var áamálgað.

2. *Leituðu norrænu miðlarnir til Ríkisútvarpsins um samstarf við gerð þáttanna?*

Á norrænum fundi sem fulltrúi RÚV sat vorið 2022 var m.a. kynnt óljós hugmynd að verkefninu sem síðar varð að þáttunum „Skuggastríð“. Á því stigi var hugmyndin ómótuð og hafði á þeim tímapunkti ekki neina snertifleti við Ísland eða svæðið í kringum landið, orkuinnviði eða sæstrengi. Þó lá fyrir að leggja ætti í umfangsmikla rannsókn og mögulegir þátttakendur í verkefninu yrðu að leggja til bæði mannskap og fjármuni.

RÚV hefur jafnframt bent á að fréttaskýringaþátturinn Kveikur hefur ítrekað fjallað um ferðir og umsvif Rússa umhverfis landið sem og áhyggjur af sæstrengjum og ótryggum innviðum.